

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 13. mars 2025

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. boðar til aðalfundar sem haldinn verður í fundarsal félagsins Kringlunni 5, 103 Reykjavík, fimmtudaginn **13. mars 2025** kl. 15:00.

Drög að dagskrá fundarins eru svohljóðandi:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
- Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
- Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
- Skýrsla tilnefningarnefndar.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
- Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.
- Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins, undirnefnda og tilnefningarnefndar.
- Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
- Önnur mál löglega upp borin.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboðum skal skila við skráningu á fundinn. Óskað er eftir að umboð berist tímanlega fyrir dagsetningu aðalfundar á fjarfestar@sjova.is og skal það vera undirritað af hluthafa eða prókúruhafa.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 3. mars 2025. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hægt er að senda tillögur, ályktanir eða spurningar fyrir fundinn á netfangið stjorn@sjova.is. Hluthafar geta einnig

lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárliði á aðalfundinum sjálfum.

Stjórn leggur til endurskoðaða starfskjarastefnu. Tillögur stjórnar snúa í meginatriðum að orðalagsbreytingum til skýringar á mismunandi þáttum um kaupauka og kaupréttaráætlun. Gerð er tillaga um ný ákvæði um jafnrétti og um tryggingavernd stjórnar og stjórnenda.

Tilnefningarnefnd er að störfum í samræmi við samþykktir félagsins. Hluthafar og aðrir sem óska eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar á aðalfundi hafa átt þess kost að koma áhuga sínum, og eftir atvikum framboði, á framfæri við nefndina. Nánar vísast til fyrirliggjandi skýrslu tilnefningarnefndar.

Frestur til að tilkynna framboð til stjórnar rennur út fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. laugardaginn 8. mars 2025 kl. 15:00. Framboð skulu berast á netfangið tilnefningarnefnd@sjova.is. Framboðseyðublöð er hægt að nálgast á vefsvæði félagsins. Breytist tillaga nefndarinnar frá því er fram kemur í skýrslu tilnefningarnefndar verður endurskoðuð tillaga birt eigi síðar en 11. mars 2025. Upplýsingar um alla frambjóðendur verða birtar á vefsvæðinu <https://www.sjova.is/adalfundur-2025/> að lágmarki tveimur dögum fyrir aðalfund.

Endanleg dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ. á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund, auk annarra upplýsinga og eyðublaða í tengslum við aðalfundinn, verða birt á vefsvæði félagsins <https://www.sjova.is/adalfundur-2025/>

Aðalfundur er lögmætur, án tillits til fundarsóknar, ef löglega er til hans boðað. Aðalfundur og fundargögn verða á íslensku.

Reykjavík 19. febrúar 2025.
Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.